

Ed.

855. Breytingartillögur

[301. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. og orðist svo:
Á eftir 2. málsg. 5. gr. laganna komi ný málsg., svohljóðandi:
Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.
2. a-liður 1. gr., sem verður 2. gr., orðist svo:
a. 2. málsg. orðist svo.
Heimilt er að aka á reiðhjólum og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega vikja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.
3. 2. gr., sem verði 3. gr., orðist svo:
Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svo hljóðandi:

Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

64. gr. (a).

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

4. Aftan við 4. gr., sem verði 5. gr., bætist:
c) Á eftir „Ökukennarafélagi Íslands“ í 2. málsg. komi: Öryrkjabandalag Íslands.
5. 5. gr., sem verði 6. gr., orðist svo:
Ákvæði 2.—4. gr. koma til framkvæmda 1. okt. 1981. Eigi skal þó refsast fyrir brot gegn 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980.